

NIÐURSTÖÐUR STÆRÐFRÆÐISKIMUNAR

Í 1.–3. BEKK VORIÐ 2018

NAUSTASKÓLI

Rannveig Oddsdóttir og Þóra Rósa Geirsdóttir, sérfræðingar við MSHA

PRÓUNARVERKEFNI UM ZANKOV STÆRÐFRÆÐIKENNSLU

Haustið 2018 hófu þrjár grunnskólar þróunarverkefni í stærðfræði á yngsta stigi þar sem kennt er eftir kennsluaðferð sem við nefnum Zankov stærðfræði (Utviklende matematikk á norsku) og komin er frá Rússlandi en þýdd úr norsku hér. Allar nánari upplýsingar um það efni og skimunina má finna á heimsíðu MSHA undir skýrslur <https://www.msha.is/is/moya/page/skyrslur-2018>.


Liður í þessu þróunarverkefni er að skima hjá nemendum þeirra skóla og samanburðarskóla (alls 12 skóla) þekkingu nemenda 1. – 3. bekkjar og færni varðandi grunn talnaskilning.

Hafa ber í huga við túlkun niðurstaðna að prófið sem notað var er skimunarpróf sem er fyrst og fremst ætlað að finna þau börn sem standa höllum fæti svo hægt sé að grípa inn í með markvissri íhlutun. Í öllum bekkjum var dreifing einkunna lítið eitt neikvætt skekkt þannig að fáir fengu lága einkunn en margir nemendur náðu hámarkseinkunn. Það má því gera ráð fyrir að prófið nái ekki að mæla af nákvæmni frammistöðu þeirra nemenda sem sterkar standa. Próf með jafnari dreifingu gæti verið heppilegra til að meta árangur af mismunandi nálgun í kennslu.

Athygli vekur að meðaleinkunn stráka var hærri en meðaleinkunn stelpna í öllum bekkjum, þótt munurinn mældist aðeins marktækur í 2. bekk. Munurinn er lítill en þar sem hann liggur alltaf í sömu átt má daga þá ályktun að strákar á þessum aldri standi almennt lítið eitt sterkar að vígi í stærðfræði en stelpur.

Hér að neðan eru birtar upplýsingar um meðaltalsárangur allra skólanna sem tóku þátt og árangur þíns skóla. Slökustu 20% nemenda er sá hópur sem grípa þarf inn í með markvissri íhlutun og sá hópur sem skimuninni er ætlað að finna. Þá þarf einnig að huga vel að því hvort þau 20% nemenda sem teljast sterkust hafi verkefni við hæfi í stærðfræðitímunum.


NIÐURSTÖÐUR – 1. BEKKUR



Mynd 1. Frammistaða nemenda í 1. bekk í Naustaskóla miðað við árangur allra skóla

Nemendum er skipt í þrjá hópa eftir dreifingu á prófinu, það er slökustu 20% nemenda (0 – 34 stig), 55% nemenda sem teljast miðhópur (34- 50 stig) og svo sterkustu 25% nemenda (48 -50 stig).


NIÐURSTÖÐUR – 2. BEKKUR



Mynd 2. Frammistaða nemenda í 2. bekk í Naustaskóla miðað við árangur allra skóla

Nemendum er skipt í þrjá hópa eftir dreifingu á prófinu, það er slökustu 20% nemenda (0 – 33stig), 60% nemenda sem teljast miðhópur (34 – 50 stig) og sterkustu 20% nemenda (51 – 55 stig).

NIÐURSTÖÐUR – 3. BEKKUR



Mynd 3. Frammistaða nemenda í 3. bekk í Naustaskóla miðað við árangur allra skóla

Nemendum er skipt í þrjá hópa eftir dreifingu á prófinu, það er slökustu 20% nemenda (0 – 55 stig), 60% nemenda sem teljast miðhópur (56 – 69 stig) og sterkustu 20% nemenda (70 – 72 stig).